



Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

**BsVest
Ársskýrsla 2016**

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur | 2 |
| Félagspjónustusvæðin | 3 |
| Þjónusta sem veitt var á árinu 2016..... | 3 |
| Fjöldi fatlaðra einstaklinga í virkri þjónustu..... | 4 |
| Skammtí mavistun Sindragötu 4 – 6 Ísafirði..... | 5 |
| Tafla 3 Fjöldi þjónustunotenda skammtí mavistunar eftir félagspjónustusvæðum | 6 |
| Stuðningsfjölskyldur..... | 7 |
| Sumarúrræði..... | 8 |
| Lengd viðvera | 8 |
| Hæfingarstöðin Hvesta..... | 8 |
| Búseta – sólarhringsþjónusta..... | 9 |
| Frekari liðveisla..... | 10 |
| Vesturafl | 12 |
| Staðan- Verkefni framundan..... | 13 |
| | |
| Mynd 1 Fjöldi í virkri þjónustu..... | 4 |
| Mynd 2 Fjöldi barna með fötlunargreiningu | 5 |
| Mynd 3 Fjöldi þjónustunotenda skammtí mavistunar eftir félagspjónustusvæðum | 6 |
| Mynd 4 Nýting félagspjónustusvæðanna á skammtí mavistun eftir sólarhringsfjölda á ári..... | 6 |
| Mynd 5 Fjöldi stuðningsfjölskyldusamninga eftir félagspjónustusvæðum..... | 7 |
| Mynd 6 Fjöldi starfsmanna með fötlun hjá Hvestu eftir félagspjónustusvæðum..... | 9 |
| | |
| Tafla 1 Rekstrarniðurstaða skammtí mavistunar frá 2013-2016..... | 6 |
| Tafla 2 Stuðningsfjölskyldur samanburður milli 2013-2016..... | 7 |
| Tafla 3 Rekstrarniðurstaða Hvestu | 9 |
| Tafla 4 Rekstrarniðurstaða búsetu | 10 |
| Tafla 5 Fjöldi í þjónustu (Frekari liðveislu)..... | 10 |
| Tafla 6 Fjöldi stöðugilda (Frekari liðveisla) | 11 |
| Tafla 7 Rekstrarniðurstaða (Frekari liðveisla)..... | 11 |
| Tafla 8 Framlög og stöðugildi | 12 |

Inngangur

Öll sveitarfélög á Vestfjörðum standa saman að þeirri þjónustu sem sveitarfélögin tóku yfir frá ríkinu um áramótin 2010/2011. Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (framvegis BsVest) sér um málaflokkinn og er stjórn Fjórðungssambands Vestfjarða jafnframt stjórn BsVest.

Fundir stjórnar varðandi BsVest voru sex á árinu 2016.

Þrjár fundir voru haldnir fyrir aðalfund þann 4. maí 2016, í stjórn fyrir aðalfund sátu:

Elías Jónatansson, formaður, Bolungarvíkurkaupstaður (félagsþjónustan við Djúp).

Friðbjörg Matthíasdóttir, varaformaður, fyrir FV.

Gísli Halldór Halldórsson, Ísafjarðarbær.

Indriði Indriðason, Tálknafjarðarhreppur (félagsþjónustan Vestur-Barðastrandasýsla).

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Reykhólahrepp (Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps).

Aðalfundur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks var haldin 4. maí 2016.

Friðbjörg Matthíasdóttir og Elías Jónatansson viku úr stjórn, ný stjórn var skipuð og sitja eftirtaldir í henni:

Andrea Kr. Jónsdóttir, formaður, Strandabyggð.

Indriði Indriðason, varaformaður, Tálknafjarðarhreppur.

Pétur Markan, Súðavíkurhreppi, fyrir FV.

Gísli Halldór Halldórsson, Ísafjarðarbæ.

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Reykhólahreppi.

Varamenn í stjórn:

Daníel Jakobsson, Ísafjarðarbæ.

Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ.

Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað.

Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð.

Ingibjörg Benediksdóttir, Strandabyggð.

Haldnir voru þrjár fundir á árinu 2016 eftir aðalfund.

Fagleg stjórnun málaflokksins þ.á.m samræming þjónustunnar, tillaga að skiptingu fjármagns, reglur og fleira er í höndum verkefnahóps sem er skipaður af félagsmálastjórum hjá hverju þjónustusvæði fyrir sig á Vestfjörðum og verkefnastjóra BsVest.

Félagsþjónusturnar eru fjórar og sjá um alla daglega framkvæmd á sínu svæði s.s. að annast rekstur stofnana, sinna ráðgjöf og halda utanum einstaklingsmál.

Verkefnahópurinn starfar samkvæmt erindisbréfi frá stjórn BsVest. Verkefnahópur BsVest er skipaður þeim:

Sif Huld Albertsdóttir, formaður, verkefnastjóri BsVest.
Margrét Geirsdóttir, varaformaður, Ísafjarðarbæ.
Elsa Reimarsdóttir, Vesturbyggð, fór í ársleyfi um mitt ár 2016 og við tók Arnheiður Jónsdóttir núverandi félagsmálastjóri Vesturbyggðar í fjarveru Elsu.
Guðný Hildur Magnúsdóttir, Bolungavíkurkaupstaður.
María Játvarðardóttir, Strandabyggð.
Einnig situr Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri fundi verkefnahóps og ritar fundargerðir.

Fundað er reglulega, árið 2016 voru sex fundir skráðir, bæði voru snertifundir og símafundir. Vegna fæðingarorlofs Verkefnastjóra voru færri fundir verkefnahóps en ætla mætti.

Félagsþjónustusvæðin.

1. Félagþjónusta Ísafjarðarbæjar.

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur, skammtí mavistun (fyrir alla Vestfirði), hæfing/iðja (fyrir alla Vestfirði), atvinnutengd úrræði, frekari liðveisla, lengd viðvera, þjónustuíbúðir (sólarhringsþjónusta), sumarúrræði.

2. Félagþjónustan við Djúp.

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur, skammtí mavistun (veitt á Ísafirði) hæfing/iðja(veitt á Ísafirði), frekari liðveisla.

3. Félagþjónusta Stranda og Reykhólahrepps.

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur, skammtí mavistun (veitt á Ísafirði), hæfing/iðja (veitt á Ísafirði), frekari liðveisla, þjónustuíbúð og búseta.

4. Félagþjónusta Vestur Barðastrandarsýslu.

Ráðgjöf, stuðningsfjölskyldur og frekari liðveisla ásamt því að skammtí mavistun er veitt (Ísafirði).

Þjónusta sem veitt var á árinu 2016.

Hér á eftir er samantekt á þjónustu sem veitt var á árinu 2016.

Við skiptingu milli svæða er tekið mið af félagþjónustusvæðum en ekki hverju sveitarfélagi fyrir sig, nema Ísafjarðarbær, Félagþjónustan við Djúp tekur þannig mið af Súðavík og Bolungarvík, Strandabyggð og Reykhólahreppur tekur mið af Strandabyggð, Kaldrananeshreppi, Árneshreppi og Reykhólahreppi og Félagþjónustan Vestur-Barðastrandarsýslu tekur mið af Vesturbyggð og Táknafirði.

Ráðgjafarþjónusta er veitt á öllum félagsþjónustusvæðunum. Stöðugildum í ráðgjöf og stjórnun var skipt samkvæmt tillögu BsVest árið 2010.

| | |
|---|-----------|
| Félagsþjónusta við Djúp: | 0,34 stg. |
| Ísafjarðarbær | 2,02 stg. |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps | 0,48 stg. |
| Félagsþjónusta Vestur- Barðastrandarsýslu | 0,16 stg. |
| Byggðasamlagið | 1,0 stg.* |

*Verkefnastjóri er í 80% stg. og 20% stg. eru rekstur og bókhald.

Fjöldi fatlaðra einstaklinga í virkri þjónustu.


Fjöldi fatlaðra einstaklinga í virkri þjónustu hjá sveitarfélögunum má sjá hér í töflu eitt og er þetta skiptingin fyrir árið 2016.

Ísafjarðarbær er með 36 einstaklinga í virkri þjónustu.

Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps er með 7 einstaklinga í virkri þjónustu.


Félagsþjónustan V. Barðastrandarsýslu er með 5 einstaklinga í virkri þjónustu.

Félagsþjónustan við Djúp er með 7 einstaklinga í virkri þjónustu.



Mynd 1 Hlutfall einstaklinga í virkri þjónustu.

Samtals eru 45 börn á svæði BsVest sem eru með fötlunargreiningu, þau skiptast milli félagsþjónustusvæða eins og sést á töflu tvo.



Mynd 2 Fjöldi barna með fötlunargreiningu


Skammtímvistun Sindragötu 4 – 6 Ísafirði.

Skammtímvistun þjónar öllum Vestfjörðum en reksturinn er á ábyrgð Ísafjarðarbæjar. Húsnæði er í eigu Ísafjarðarbæjar.


Þjónusta skammtímvistunar er ætlað að draga úr álagi á fjölskyldur fatlaðra barna og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í heimahúsum. Fötlun ungmenni og fullorðnir eiga einnig kost á skammtímvistun með það að markmiði að létta álagi af fjölskyldum þeirra og veita þeim tilbreytingu og búa þau undir að flytja úr heimahúsum.

Skammtímvistunin er nýtt af öllum félagsþjónustusvæðum en mjög misjafnlega þó. Svæðin sem lengst eru í burtu nýta sér þjónustu hennar frá vori fram á haust en svæðin næst henni nýta sér hana allt árið. Fullorðið fólk sem fær þjónustu skammtímvistunar er einnig í Hæfingarstöðinni Hvestu á dvalartímanum.

Árið 2016 fengu tvö börn og einn fullorðin þjónustu skammtímvistunarinnar og skiptist þannig eftir þjónustusvæðum:



Mynd 3 Fjöldi þjónustunotenda skammtímvistunar eftir félagsþjónustusvæðum



Mynd 4 Nýting félagsþjónustusvæðanna á skammtímvistun eftir sólarhringsfjölda á ári

Rekstrarniðurstaða skammtímvistunar frá árinu 2012.

| 2012– Skammtímv. | 2013– Skammtímv. | 2014– Skammtímv. | 2015– Skammtímv. | 2016– Skammtímv. |
|---------------------|---------------------|---------------------|---------------------|---------------------|
| 49,65 m.kr. | 48,1 m.kr. | 36.4 m. kr. | 38.3 m. kr. | 35.6 m. kr. |


Tafla 1 Rekstrarniðurstaða skammtímvistunar frá 2013-2016

Stuðningsfjölskyldur.

Fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur til að létta álagi af fjölskyldum. Starfsmenn félagsþjónustunnar sjá um að útvega stuðningsfjölskyldu, gera samninga við hana, skipuleggja dvöl barnsins og veita upplýsingar. Stuðningsfjölskyldan hefur barnið hjá sér að jafnaði í tvo til þrjá sólarhringa í mánuði og ber ábyrgð á velferð þess meðan á dvölinni stendur. Allt er þetta gert í nánú samstarfi við foreldra.

Á árinu 2016 voru 14 samningar vegna stuðningsfjölskylda, frá einum til þriggja sólarhringa í mánuði. Þrjú félagsþjónustusvæði hafa veitt þessa þjónustu og skiptist hún milli þeirra eins og taflan hér fyrir neðan sýnir. Félagþjónusta Stranda og Reykhólahrepps hefur fengið undanþágu frá viðmiði og er með einstakling í stuðningsfjölskylduúrræði í sex sólarhringa á mánuði, er þetta gert til að mæta þörfum einstaklings og fjölskyldu svo einstaklingur þurfi ekki að fara langar leiðir í skammtímvistun.

Fjöldi þeirra sem fær þjónustu stuðningsfjölskyldu skipt eftir félagsþjónustusvæðum.



Mynd 5 Fjöldi stuðningsfjölskyldusamninga eftir félagsþjónustusamningum

Stuðningsfjölskyldur samanburður milli ára.

| BsVest 2012 | BsVest 2013 | BsVest 2014 | BsVest 2015 | BsVest 2016 |
|-------------|-------------------|--------------------|-------------------|-------------------|
| 9 samningar | 10 samningar | 9 samningar | 14 samningar | 14 samningar |
| | 23,3 sólarhringar | 22,45 sólarhringar | 32,5 sólarhringar | 32,3 sólarhringar |

Tafla 2 Stuðningsfjölskyldur samanburður milli 2013-2016

Sumarúrræði.

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum segir að stuðla skuli að því að fötluð börn eigi kost á sumardvöl þegar þörf krefur. Misjafnt er milli félagsþjónustusvæða hver þörfin er fyrir sumardvöl en ekki hefur verið boðið upp á hana á Vestfjörðum, sumarúrræði hafa verið í boði og hafa þau verið einstaklingsmiðuð og sérsniðin að hverjum og einum einstaklingi á hverju félagsþjónustusvæði fyrir sig.

Hjá Ísafjarðarbæ var veittur stuðningur fyrir börn á almennu leikjanámskeiði.

Hjá Félagsþjónustu Vestur-Barðastrandarsýslu eru í boði almenn úrræði sem eru aðlöguð að getu og þörfum barnsins..

Hjá Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps var sérhannað sumarnámskeið.

Hjá Félagsþjónustunni við Djúp fékk þjónustunotandi sumarþjónustu í skammtímavistun.

Lengd viðvera

Lengd viðvera var í boði hjá þremur af fjórum félagsþjónustum, við Djúp, hjá Ísafjarðarbæ og félagsþjónustunni Vestur-Barðastrandarsýslu. Boðið var upp á lengda viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5.–10. Bekk hjá við Djúpið og Ísafjarðarbæ, en lengd viðvera framhaldsskólabarna var í boði hjá félagsþjónustu Vestur-Barðastrandarsýslu.

Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna var kr. 1.007.247,- fyrir árið 2016 sem skiptist milli þeirra þriggja félagsþjónustusvæða eins og gert var ráð fyrir frá jöfnunarsjóð.

Hæfingarstöðin Hvesta.

Hvesta er á Ísafirði og ber Ísafjarðarbær ábyrgð á rekstrinum en fullorðnir einstaklingar með fötlun á Vestfjörðum hafa kost á að starfa þar. Þeir sem búa annarstaðar en á norðanverðum Vestfjörðum geta sótt um tímabundið starf þar á meðan á dvöl þeirra í skammtímavistun stendur.

Húsnæði hæfingarstöðvarinnar er í eigu einkaaðila og tók Ísafjarðabær við langtíma leigusamningi.


Hlutverk Hvestu er að tryggja starfsfólki með fötlun sambærilegt vinnuumhverfi á við aðra þannig að þeir njóti almennra lífsgæða. Jafnframt er lögð rík áhersla á einstaklingsmiðaða þjónustu. Einnig er hlutverk hæfingarstöðvarinnar að auka hæfni fatlaðs fólks til starfs og taka þátt í daglegu lífi.

Í Hvestu er starf hvers og eins miðað við getu viðkomandi og áhugasvið og skiptist starfið niður í eftirfarandi þætti:

- ✓ Starfs og félagsleg þjálfun til að takast á við starf á almennum vinnumarkaði eða tengingu við fyrirtæki á almennum markaði.

✓ Undirbúningur fyrir ýmis viðfangsefni jafnt innan eigin heimilis eða utan þess. Í lok árs 2016 voru fastir starfsmenn með fötlun 17 talsins. Nokkuð misjafnt er hversu lengi dags starfsmenn eru við dagleg störf í Hvestu og einnig er misjafnt hvort starfsmenn eru í hæfingu eða iðju. Dagleg þjónusta er frá tveim tímum 2x í viku upp í átta tíma á dag og miðast vinnutíminn af getu hvers og eins.

Skipting milli félagsþjónustusvæða.



Mynd 6 Fjöldi starfsmanna með fötlun hjá Hvestu eftir félagsþjónustusvæðum.

Rekstrarniðurstaða Hvestu.

| 2012– Hvesta | 2013– Hvesta | 2014– Hvesta | 2015– Hvesta | 2016– Hvesta |
|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| 30.54 m.kr. | 31.30 m.kr. | 35.35 m. kr. | 41.7 m. kr. | 45.7 m. kr. |

Tafla 3. Rekstrarniðurstaða Hvestu

Búseta – sólarhringsþjónusta.

Í lögum um málefni fatlaðs fólks nr.92/1992, með síðari breytingum segir að fatlaður einstaklingur eigi rétt á þjónustu þar sem hann kýs að búa.

Unnið er eftir stefnu stjórnvalda og byggðasamlagsins varðandi stuðning við fatlað fólk í búsetumálum. Fatlað fólk skal eiga kostna á félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þess og óskir eftir því sem kostur er. Unnið er eftir þeirri stefnu að búsetuþjónustan sé skipulögð og veitt á einstaklingsforsendum þar sem horft er til möguleika einstaklingsins til að hafa áhrif á eigið líf, njóta einkalífs, búa við öryggi, njóta félagslegs samneytis og njóta lífsfyllingar.

Á Vestfjörðum hefur verið boðið upp á sólarhringsþjónustu á Ísafirði, einnig er þjónustuíbúð á svæði Félagsþjónustu Strandabyggðar og Reykhólahrepps.

Búsetuúrræði voru veitt á þrem stöðum á Ísafirði og ein á Hólmavík. Búsetuþjónusta er veitt til þriggja einstaklinga sem eiga íbúðir sínar, einnig eru sex einstaklingar að leigja íbúðir af sveitarfélögunum, sem fá búsetuþjónustu þangað. Íbúar í búsetu eru í stuðningsflokkum SIS mats frá V til XII. A og samkvæmt þeim stöðlum er það fólk sem hefur mikla stuðningsþörf.

Rekstrarniðurstaða búsetu.

| | 2012 Félagsþj. | 2013 Félagsþj. | 2014 Félagsþj. | 2015 Félagsþj. | 2016 Félagsþj. |
|------------------------------------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| Ísafjarðarbær | 111.7 m.kr. | 133.4 m.kr. | 170.5 m. kr. | 233 m. kr | 216.7 m. kr |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | 10.4 m.kr.* | 7,1 m.kr.* | 5.4 m. kr.* | 21.8 m.kr. | 35.4 m.kr. |

Tafla 4 Rekstrarniðurstaða búsetu

Frekari liðveisla.

Í lögum um málefni fatlaðs fólks nr.59/1992, með síðari breytingum er kveðið á um að fatlað fólk eigi rétt á frekari liðveislu og í reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu er talað um frekari liðveislu sem sérstakan stuðning sem er margháttuð aðstoð við athafnir daglegs lífs. Þessi stuðningur tekur meðal annars mið af einstaklingsbundnum þörfum fólks með hliðsjón af óskum þess eða aðstandanda.

Frekari liðveisla er þjónusta sem er veitt hjá öllum félagsþjónustusvæðum á Vestfjörðum.

Fjöldi í þjónustu:

| | 2013 einstaklinngar í frekari liðv. | 2014 einstaklinngar í frekari liðv. | 2015 einstaklinngar í frekari liðv. | 2016 einstaklinngar í frekari liðv. |
|--|---|---|---|---|
| Ísafjarðarbær | 19 | 9 | 17 | 20 |
| Félagsþjónustan við Djúp | 2 | 1 | 2 | 2 |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | 2 | 8 | 1 | 1 |
| Félagsþjónusta Vestur-Barðastrandarsýslu | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Samtals | 24 | 18 | 18 | 24 |

Tafla 5 Fjöldi í þjónustu (Frekari liðveislu)

Fjöldi stöðugilda:

| | 2013 stöðugildi í frekari liðv. | 2014 stöðugildi í frekari liðv. | 2015 stöðugildi í frekari liðv. | 2016 stöðugildi í frekari liðv. |
|--|---------------------------------|---------------------------------|---------------------------------|---------------------------------|
| Ísafjarðarbær | 4,89 stg. | 4,89 stg. | 2,64 stg. | 3,05 stg. |
| Félagsþjónustan við Djúp | 0,27 stg | 0,27 stg | 0,27 stg. | 0,27 stg. |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | 3 stg | 3 stg | 1 stg | 1 stg |
| Félagsþjónusta Vestur-Barðastrandarsýslu | 0 | 0 | 0 stg | 0,25 stg |
| | 8,16 stg | 8,16 stg | 3,91 stg. | 4,57 stg. |

Tafla 6 Fjöldi stöðugilda (Frekari liðveisla)

Rekstrarniðurstaða:

| | 2013 rekstrarniðurstaða | 2014 rekstrarniðurstaða | 2015 rekstrarniðurstaða | 2016 rekstrarniðurstaða |
|--|-------------------------|-------------------------|-------------------------|-------------------------|
| Ísafjarðarbær | 23,4 m.kr. | 24,2 m.kr. | 25,1 m.kr. | 29 m.kr. |
| Félagsþjónustan við Djúp | 1 m.kr. | 1,5 m.kr. | 1,2 m.kr. | 1,4m.kr. |
| Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla | 10,7 m.kr. | 10 m.kr. | 4.2 m.kr | 5,8 m.kr |
| Félagsþjónusta Vestur-Barðastrandarsýslu | 0 | 0 | 0 m.kr. | 1,4 m.kr. |
| Samtals: | 35,1 m.kr. | 35,7 m.kr. | 30,5 m.kr. | 37,6 m.kr. |

Tafla 7 Rekstrarniðurstaða (Frekari liðveisla)

Vesturafl

Vesturafl er miðstöð fyrir fólk sem vegna veikinda og/eða annarra tímabundinna aðstæðna býr við skert lífsgæði og getur því ekki tekið virkan þátt í samfélaginu, vinnu eða inni á heimili. Til þessa geta talist geðsjúkdómar, krabbamein, hjartasjúkdómar, stoðkerfissjúkdómar og ýmislegt fleira. Í miðstöðinni er boðið upp á fjölbreytta þjónustu við hæfi hvers og eins. Þjónustan byggist upp á valdeflingu notandans. Rekstraraðilar Vesturafls eru BsVest, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðarvíkurhreppur og Rauði krossinn.

Samanburður milli ára á framlögum og stöðugilda.

| | 2013 – Vesturafl | 2014 – Vesturafl | 2015 – Vesturafl | 2016 – Vesturafl |
|---------------------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| Stöðugildi | 1,2 st.gildi | 1,7 st.gildi | 1,7 st.gildi | 1,7 st.gildi |
| Kostnaður við stöðugildi | 5.8 m.kr. | 5.8 m.kr. | 5.8 m.kr. | 5.8 m.kr. |

Tafla 8 Framlög og stöðugildi

Staðan- Verkefni framundan.

Árið 2016 fór hægt af stað þar sem Verkefnastjóri var í fæðingarorlofi jan, feb. og hálfan mars, en kom inn í 50 % stöðugildi frá og með 11. mars. Sú vinna sem verkefnastjóri vann á þeim tíma voru öll þau brýnu mál sem komu fyrir, sem og ársskýrslugerð og fjárhagsáætlunargerð.

Á aukabingi sem haldið var 4. nóvember 2016 voru nýjar samþykktir BsVest samþykktar, ráðuneytið hefur einnig samþykkt þær. Kosið var í nýja stjórn út frá nýjum samþykktum. Í nýrri stjórn sitja framkvæmdastjóri frá hverju félagsþjónustusvæði ásamt einum aðila úr stjórn FV, Verkefnastjóri og framkvæmdastjóri BsVest. Sex fundir voru haldnir á árinu 2016, þá var farið yfir fjárhagsáætlun og tekin sú ákvörðun að fá ráðgjafafyrirtækið R3 til að rýna nánar ofan í rekstur málaflokksins hjá sveitarfélögunum. Skýrslunni var lokið í byrjun september 2016 og hefur stjórn fjallað um hana og sveitarfélög tekið til sín þær athugasemdir sem í henni voru. Verið er að vinna að nýju kerfi er varðar fjárhagsáætlunargerð með R3 Ráðgjöfum.

Í desember s.l. fór verkefnahópurinn yfir styrkumsóknir vegna styrk um náms, verkfæra og tækjakaupa. Ekki sóttu margir um árið 2016 ekki nema þrír einstaklingar, þrír fengu styrk og var heildarstyrkur fyrir árið 2016 kr. 55.275,-. En áætlað var kr.600.000,-.

Árið 2016 kom betur út en áætlanir gerðu ráð fyrir og ber að þakka Ísafjarðarbæ fyrir sína vinnu í hagræðingarskyni.

Árið 2017 hófst með mikilli vinnu í þjónustu- og samstarfsamningum, ásamt því að fara yfir gamlar reglur og uppfæra og gera nýjar reglur í frekari liðveislu fyrir BsVest. Mikill tími hefur farið í fjárhagsáætlunargerð og breytingar á henni. Stjórn hefur samþykkt fyrir árið 2017 tvær stórar breytingar á fjárhagsáætlun sem gerir það að verkum að áætlun BsVest fyrir árið 2017 er með mismun uppá 48. millj.kr. og er verkefnastjóri að vinna í því að fá aukið framlag frá jöfnunarsjóð.

Með þökk fyrir lesturinn

Sif Huld Albertsdóttir
Verkefnastjóri BsVest